

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Kolka.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélagið Kolka. Heimili þess og varnarþing er á Hólum.

2. gr.

Markmið félagsins er, að auka silungsveiði og koma til laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:

1. að stunda laxa- og silungaklak ásamt friðun,
2. að reka laxveiði og silungsveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum eða fleiri stöðum ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í þessum vötnum: Hjaltadalsá og Kolku og öllum þverám og lækjum, sem í þær falla. Félagsmenn eru allir ábúendur eða eigendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum: Jarðirnar eru: Melstaður, Marbæli, Teigur, Kross, Stóragerði, Hlíðarendi, Sleitustaðir, Sigtún, Smíðsgerði, Sviðningur, Saurbær, Skriðuland, Kolbeinsdalsafrétt, Fjall, Unastaðir, Neðri-Ás, Efri-Ás, Brekkukot, Viðines, Hólar, Reykir, Hvammur, Hrafnhóll, Hlíð, Kálfsstaðir, Kjarvalsstaðir, Nautabú, Ingveldarstaðir, Skúfsstaðir, Garðakot, Viðvík, Ásgarður, Kolkuós.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði og getur það þá ráðið mann til að standa fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

7. gr.

Félagið starfrækir laxa- og silungaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

8. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helzt

sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

87
20. júní

9. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins á milli aðalfunda. Hún ræður fasta starfsmenn og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur aðalfundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

10. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði.

Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingu á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

11. gr.

Aukafundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyrr en eftir aðalfund. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni hvoru tveggja í félagssjóð.

16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

87

17. gr.

20. júní

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á löglega boðuðum aðalfundi. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafna niður á félagsmenn eftir gildandi arðskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1941.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

88

A R Ð S K R Á

20. júní

fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Kolka.

Arður af veiði í fiskihverfi félagsins telst í 100 einingum, er skulu skiptast milli jarða á félagssvæðinu, eins og hér segir:

Melstaður	2 einingar.
Marbæli	1 —
Teigur	1 —
Kross	1 —
Stóragerði	2 —
Hlíðarendi	1 —
Sleitustaðir	2 —
Sigtún	1 —
Smiðsgerði	1 —
Sviðningur	2 —
Saubær	4 —
Skriðuland	5 —
Kolbeinsdalsafreitt	9 —
Fjall	2 —
Unastaðir	5 —
Neðri-Ás	10 —
Efri-Ás	4 —
Brekkukot	1 —
Víðines	2 —
Hólar	10 —
Reykir	4 —
Hvammur	2 —
Hrafnhóll	2 —
Hlíð	3 —
Kálfsstaðir	4 —
Kjarvalsstaðir	2 —
Nautabú	1 —
Ingveldarstaðir	1 —
Skúfsstaðir	1 —
Garðakot	1 —